

Hveragerðisbær
Hildur Gunnarsdóttir
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Garðabær, 22. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0045
LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulags fyrir stækkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis vestan við Árhólma, Hveragerði

Við er í tölvubréf frá Hveragerðisbæ, dags. 18. apríl 2024, í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi reitar AF2 og nýs deiliskipulags.

Markmiðið með aðalskiplagsbreytingunni er að staðsetja svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæðis og verður AF2 reiturinn stækkaður þannig að hann nái yfir umrætt svæði. Breytingin tekur til 6,7 ha svæðis og innan þess eru áform um að koma fyrir 950 m langri sleðabraut sem verður 50-90 m á breidd. Brautin mun liggja að lágmarki um 30 cm ofan við jörðu og verða flestar undirstöður pinnaðar niður. Ráðgert er að reisa þjónustuhús við enda brautarinnar fyrir vélbúnað og starfsmann.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og á þessu stigi vantar ýmsar upplýsingar sem snúa að uppbyggingu sleðabrautarinnar. Stofnunin vill koma með eftirfarandi ábendingar. Fyrirhuguð sleðabraut mun liggja yfir nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá er brautin í nálægð svæðis á náttúruminjaskrá, Hengilssvæðið, en mörk þess liggja með Hengladalaá.

Sleðabrautin í hlíðum Kambanna mun verða mjög sýnileg og breyta ásýnd svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar á ferlinu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

